



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundinn flutning leikskólans Árborgar

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Árborgar, Hlaðbæ 17 og að starfsemin flytjist í hluta Selásskóla. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til 1. mars 2025 og að þá verði öll starfsemi að nýju að Hlaðbæ 17 Reykjavík.

Greinargerð:

Við ástandsskoðun fundust rakaskemmdir og mygla í húsnæði Árborgar. Starfsemin var flutt annað í lok árs 2022. Leikskólinn er núna með aðstöðu í Selásskóla. Er þar með 3 kennslustofur auk þess sem gangi var lokað til að útbúa fataaðstöðu barna og starfsfólks. Samnýta svo aðra innviði svo sem kaffistofu o.fl.

Verið er að yfirfara hönnun og í kjölfarið verður farið í að klára útboðsgögn til að senda út. Þegar verktaki er kominn með verkið má gera ráð fyrir einu ári í framkvæmdir. Því er raunhæft að gera ráð fyrir að Árborg flytji í endurgert húsnæði í byrjun árs 2025.

Búið er að rífa upp gólf, brjóta einangrun utan af útveggjum á langhliðum, rífa niður alla léttu vegg og loftaplötur. Eldri hluti hússins var byggður 1962, viðbygging 1996 og húsið er komið á tíma fyrir meiriháttar viðhald.

Það er margt sem verður lagfært í framkvæmdum og m.a. komið fyrir dreni og einangraður sökkul, sett loftræstikerfi með varma endurnýtingu, sett gólfhitakerfi, fræst í gólf og hætt með ofnakerfi, skipt um öll gólfefni, skipt út gluggum, einangrað og húsið klætt og hljóðvist bætt.